



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

6. fundur stjórnar 2025-2026 þriðjudaginn 11. nóvember 2025

kl. 12.00 - 14.00 á Teams

Mætt á Teams: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jöhönnu Brynjarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Kári Kristinsson, Rannveig Björk Þorkelsdóttir, Þröstur Olaf Sigurjónsson og Zophonías Oddur Jónsson.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 5. stjórnarfundar frá 21. október lögð fram til afgreiðslu (Fskj. 1)
2. Erindi frá starfshópi HÍ um betra mat
3. Nýliðafræðsla
4. Jólaboð emeríta
5. Fjársýsla ríkisins og ofgreidd laun
6. Sameining akademíks starfsfólks
7. Fundur með trúnaðarmannaráði
8. Næsti fundur
9. Önnur mál

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.00.

1. Fundargerð 5. stjórnarfundar frá 21. október lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá starfshópi HÍ um betra mat.

Eyja Margrét er í starfshópi um endurskoðun vinnumatskerfisins eða nánar tiltekið starfshópi félagsins um reglur Ritlauna- og starfsþróunarsjóðs prófessora. Guðný Björk Eydal er formaður hópsins. Starfshópurinn hefur áhuga á því að auglýsa eftir félagsfólki sem er óánægt með kerfið og tilbúið til að koma í viðtal og skýra ástæðu þess. Jafnframt verði óskað eftir hugmyndum að úrbótum. Ákveðið var að Eyja sendi stjórn nánari upplýsingar um áætlunina sem tekur afstöðu til málsins í tölvupósti.

3. Nýliðafræðsla.

Farið var yfir dagskrá og efni kynningafunda fyrir nýtt félagsfólk dagana 17. og 18. nóvember nk. og það samþykkt. Sjá nánar fundargerð stjórnar frá 21. október sl.

4. Jólaboð emeríta.

Jólaboð emeríta í Reykjavík verður þriðjudaginn 2. desember. Ákveðið var að boðið verði að þessu sinni í sal FEB að Stangarhyl 4. Þar er gott aðgengi, næg bílastæði, hljóðkerfi og góð

eldhúsaðstaða. Hermína sér um að skipuleggja jólaboð emeríta á Akureyri sem er áætlað þann 11. desember.

5. Fjársýsla ríkisins og ofgreidd laun.

Sigrún sagði frá stöðu mála. Lítið hefur gerst þrátt fyrir ítrekanir eftir nánari sundurliðun á launaseðlum. Fjársýslan er ekki búin að finna leið til að leysa úr því. Dæmi er um fólk sem telur útreikninga Fjársýslunnar ekki rétta og hefur ekki fengið fullnægjandi skýringar á þeim. Sigrún er í samskiptum við lögfræðistofu um næstu skref. Þá er hún í sambandið við launadeild HÍ um málið.

6. Sameining akademíks starfsfólks.

Starfshópur félaganna um sameininguna er að störfum. Málið er snúið þar sem stofnana-samningar félaganna eru ólíkir og þyrfti að samræma. Rætt er um að gera könnun meðal félagsfólks um málið.

7. Fundur með trúnaðarmannaráði.

Trúnaðarmannaráð er fullskipað og búið að uppfæra upplýsingar þar um á heimasíðu félagsins. Stefnt er að fundi ráðsins á Teams í lok nóvember eða í byrjun desember. Könnun verður send fulltrúum til að finna hentugan fundartíma.

8. Næsti fundur.

Næstu fundir eru áætlaðir 25. nóvember og 9. desember kl. 12-14. Ef engin brýn mál liggja fyrir fellur fundur niður.

9. Önnur mál.

a) Frumvarp um nýsköpunarfyrirtæki.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki (framkvæmd) var í umsagnarferli. Sigrún og Kári sendu inn umsögn um málið f.h. félagsins þann 10. nóvember sl.

b) Frumvarp um opinbera háskóla.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (háskólasamstæða) var í umsagnarferli. Tilefnið er sameining HÍ og Háskólans á Hólum. Zophonías sendi inn umsögn um málið ásamt samstarfsfélaga.

c) Fjármögnunarlíkan háskólanna.

Fjármögnunarlíkanið er í endurskoðun. Rætt var um að skrifa bókun um málið í samstarfi við FH og FHA.

Það voru ekki fleiri önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.12.

Fundarritari: LÞ.